

## Upplýsingar um réttindi hluthafa

Aðalfundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

15. mars 2019

### Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundum:

**Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar:** Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu (stjorn@sjova.is) um það til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Tillöggunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun hluthafafundar. Kröfu má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir hluthafafundinn. Félagsstjórn skal a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn upplýsa hluthafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins, til dæmis á vef félagsins. Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu en gera má um þau ályktanir til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þremur vikum fyrir hluthafafund skulu liggja fyrir dagskrá og endanlegar tillögur.

**Réttur til setu á hluthafafundum:** Rétt til þátttöku í hluthafafundum hafa allir hluthafar, stjórnarmenn, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri. Hluthafa er heimilt að sækja fundi ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig má hluthafi fela umboðsmanni að sækja fyrir sig fundi og skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð (stjorn@sjova.is) og skal það dagsett. Umboðið gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

**Atkvæðavægi og atkvæðagreiðslur:** Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut sem þeir eiga í félaginu. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem félagið á sjálft. Þá fylgir ekki atkvæðisréttur fyrir hlutabréf, sem dótturfélag kann að eiga í félaginu. Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins eða landslögum. Samþykktum félagsins verður einungis breytt á lögum hluthafafundi, nema ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, heimili sérstaklega frávik þar frá. Ákvörðun hluthafafundar um breytingu samþykktar verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 80. gr. a og 3. mgr. 80. gr. b laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykktar að hluthafar, sem ráða yfir 1/4 hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 94. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Hluthafafundir eru lögumætir, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til þeirra boðað.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist félaginu a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Hluthafar geta jafnframt vitjað atkvæðaseðla í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.